

Það er vitaskuld, að þeim gjaldþegnum, er vilja ekki sætta sig við þenna úrskurð, sje 115
frjálst að leita úrlausnar dómstólanna um þessa spurningu, en í bráð verða þeir að 26. júlí.
greiða gjaldið.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um hjá- 116*
leiguna Stekkjanes hjá Ísafjarðarkaupstað. — Samkvæmt tillögum yðar, 27. júlí.
herra amtmaður, fellst jeg hjer með á, að bæjarstjórnin á Ísafirði takist á hendur skuld-
bindingar þær gagnvart Eyrarprestakalli, er tilgreindar eru í samningi frá 31. maí þ. á.
milli bæjarstjórnarinnar og hins núveranda prests á Eyri, um afhendingu á hjáleigunni
Stekkjanesi (Stakknesi) og þeim hluta jarðarinnar Eyrar í Skutulsfirði, sem prestakallið
hjelt eptir við samningana 1. febr. og 7. maí 1870.

Að öðru leyti er það vitaskuld, að ef samningurinn frá 31. maí þ. á. á að gilda
um lengri tíma en embættistíma hins núveranda prests, þarf að útvega konungsúrskurð
fyrir sölu á hjáleigunni Stekkjanesi, er beinlínis var undan skilin við sölu þá, er sam-
þykkt var með allrahæstum úrskurði frá 10. janúar 1871 (tíðindi um stjórnarmálefni
III. bls. 128).

— *Brjef landshöfðingja til prófastsins í Suður-Pingeyjarsýslu um samning sókn- 117*
artafla yfir fólksfjöldann. — Útaf fyrirspurn yðar, herra prófastur, í þóknanlegu 27. júlí.
brjefi frá 9. þ. m. læt jeg ekki dragast að tjá yður þetta:

Skýrslurnar um fólktal eiga að eins að vera í einu lagi, og eiga þær að sendast
með sóknatöflunum til landshöfðingja; þar á móti eiga sóknartöflurnar að vera tvíritaðar,
sjá «Reglur fyrir því, hvernig semja eigi sóknatöflurnar yfir fólksfjöldann» 2. og 7. gr.

«Fólktölutafla» sú, er getur um í 11. gr. reglna fyrir því, hvernig semja eigi
fólktöluskýrslurnar, er sama skýrslan sem með öðrum orðum er nefnd «sóknartafla»
og «fólktalstafla». Hún á að vera sjer fyrir hverja kirkjusókn, og er það miður ná-
kvæmlega að orði komizt í tjeðri 11. grein, þegar sagt er, að tafla þessi skuli samin yfir
allt brauðið; sjeu fleiri sóknir í brauðinu, verður taflan að vera í eins mörgum deildum,
og sóknirnar eru margar.

Eyðublöð þau, er afgangs verða, þarf ekki að endursenda, þau hafa verið ætluð
til uppbótar, ef einstök blöð skyldu skemmast.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðurumdæminu um efling búnað- 118*
ar. — Samkvæmt tillögum amtráðs suðurumdæmisins samþykkist hjermeð, að suðuramtíð 27. júlí.
fái 3533 kr. 33 a. af fje því, er með 10. gr. C. 4. fjárlaganna er veitt til eflingar bún-
aði, og að lagðar verði af þessari upphæð:

búnaðarfjelagi Kjósarhrepps	100 kr.
— Mosfellssveitar og Kjalarneshrepps	200 —
búnaðarsjóði síra Ólafs heitins Hjalteteðs	200 —
og búnaðarfjelagi suðuramtsins	1200 —

og eru þessar 1700 kr veittar með því skilyrði, að þeim verði varið eingöngu
til verkfæra-kaupa og til launa handa búfræðingum.

Flyt 1700 kr.